



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

LÍOL3LN05

Kennari	Dr. Elvar Smári Sævarsson, elvar.saevarsson@fss.is	
Viðtalstími	Viðtalstími er eftir samkomulagi og skal nemandi senda tölvupóst og óska eftir viðtalstíma. Viðtal getur farið fram í gegnum síma eða augliti til auglits.	
Námsefni	Námsefnið er á formi skyggna, fyrirlestra og kennslumyndbanda sem kennari setur fram. Ekki er þörf á að versla sérstaka kennslubók fyrir áfangann.	
Áfangalýsing	Í áfanganum er farið í byggingu og starfsemi neðri útlima, einkum fóta. Farið er í byggingu og starfsemi húðar, beina, vöðva, taugakerfis og hringrásar- og vessakerfis. Að áfanga loknum skal nemandi geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að fjalla um og útskýra fyrir öðrum líffæra- og lífeðlisfræði neðri útlima.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Matsflokkarnir eru fimm talsins (sjá hér fyrir neðan). Nemendur skulu skila inna öllum matsþáttum til að eiga möguleika á að ljúka áfanganum. Skili nemandi ekki inn verkefnum á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir verkefnið fyrir hvern sólarhring sem líður frá skiladegi.. Námsmatsreglur eru eftirfarandi: - Um myndbandsverkefnin gildir sú regla að skili nemandi inn ófullnægjandi verkefni fær viðkomandi annað tækifæri til að skila inn uppfærðu verkefni. Ekki er gefið hærra en 5 fyrir endurskil - Í <i>krossapróf úr köflum</i> verður vegin meðaltalseinkunn að vera 5 eða hærri. Ekki er því nauðsynlegt að fá 5 eða hærri á öllum prófunum. - Lágmarkseinkunn úr hvoru lokaprófi er 5. Standist nemandi ekki lokaprófin er gefið eitt tækifæri til að taka upp prófið. - Skyldumæting er í staðlotu og óútskýrð fjarvist jafngildir úrsögn úr áfanganum - Til að ljúka áfanganum verður lokaeinkunn að vera 5 eða hærri	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Myndbandsverkefni (7 alls)	25%
	Krossapróf úr köflum (7 alls)	20%
	Staðlotuverkefni	15%
	Lokapróf (krossapróf á neti)	15%
	Lokapróf (Verklegt á fjarfundi)	25%
Reglur áfanga	Skyldumæting er í staðlotu áfangans.	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur verða að hafa aðgang að fartölvu og farsíma. Einnig þurfa nemendur að eiga liti sem eru ætlaðir á húð; hvítan, rauðan og bláan (eða svartan) Mikilvægt er að mæta með fartölvu í staðlotu áfangans og liti til að teikna á húð.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - líffæra- og lífeðlisfræði neðri útlíma. - byggingu og starfsemi húðar og nagla á fótum. - beinabyggingu neðri útlíma, latneskum heitum einstakra beina og beinhluta í fæti. - vöðvum og vöðvahópum neðri útlíma, latneskum heitum vöðva í fótum og geti gert grein fyrir staðsetningu, upptökum, festu og hreyfingu þeirra. - taugum neðri útlíma, latneskum heitum tauga í fótum, staðsetningu þeirra og hlutverk. - hringrásarkerfi neðri útlíma, latneskum heitum æða í fótum. - vessakerfi neðri útlíma, hlutverki vessakerfis og tengsl þess við hringrásarkerfi.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: vinna með latnesk heiti sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði neðri útlíma.
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: vinna með latnesk heiti sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði neðri útlíma.	

Vinnuáætlun		
Fyrirlestrar	Úr 7 köflum	32 klst
Myndbandaverkefni	7 x 4 klst	28 klst.
Undirbúningur f. krossapróf	7 x 2 klst	14 klst
Krossapróf - próftaka	7 x 1 klst	7 klst
Staðlota		8 klst
Undirbúningur f. lokapróf (krossa)		6 klst
Lokapróf (krossa) - próftaka		1 klst.
Undirbúningur f. lokapróf (verklegt)		6 klst.
Lokapróf (verklegt) - próftaka		1 klst.
Alls		103 klst. = 5 feín

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
Hluti 1	Hugtök áttir og plön	Krossapróf 29.ágúst. Myndbandsverkefni 29.ágúst.
Hluti 2	Bein, liðir og liðbönd	Krossapróf 9.september. Skil á myndbandsverkefni 9.september.
Hluti 3	Vöðvar	Krossapróf 26.september. Skil á myndbandsverkefni 26.september
Hluti 4	Taugar	Krossapróf 2.október. Skil á myndbandsverkefni 2.október.
Hluti 5	Æðar	Krossapróf 28.október. Skil á myndbandsverkefni 28.október.
Hluti 6	Húðin	Krossapróf 6.nóvember. Skil á myndbandsverkefni 6.nóvember.
Hluti 7	Neglur	Krossapróf 1.desember. Skil á myndbandsverkefni 1.desember.
Staðlota		7.október
Lokapróf - krossar		4. desember
Lokapróf - verklegt		9. – 10.desember.

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Dr. Elvar Smári Sævarsson